

12/08/2024

Kæru nýnemar

Við í Verkmenntaskóla Austurlands hlökkum til að taka á móti ykkur mánudaginn 19. ágúst n.k. á skólasetningu og nýnemadegi.

Við munum hefja dagskrá kl.10:00. Rútuferðir eru samkvæmt almenningssamgöngum:

Fáskrúðsfjörður	Reyðarfjörður	Eskifjörður
Skrúður 8:20	Molinn 8:42	Sundlaug 8:56
Kirkjugarður 8:22	Launafl 8:44	Valhöll 8:58

Við biðjum ykkur um að mæta inn í matsal í bóknámshúsi skólans. Inngangur er að ofanverðu. Þar munum við taka á móti ykkur með stuttum kynningum. Þegar því verður lokið hittið þið umsjónarkennarana ykkar sem ganga með ykkur um skólahúsið og fara yfir nokkur praktísk atriði. Þið eruð beðin að hafa með ykkur tölvu til að setja upp office og kennsluvef. Ykkur verður boðið í hádegismat. Eftir hádegismat mun verða ýmiskonar sprell. Dagskrá mun ljúka um kl.14:00 og fer rúta til baka kl.14:20.

Hlökkum til að taka á móti ykkur!

Starfsfólk VA